



Morgunblaðið/Sverrir

Eggert Magnússon við nokkur verka sinna af einkasýningu hans á Kjarvalsstöðum, sem verður opnuð á laugardag.

Kjarvalsstaðir:

Sýning á verkum Eggerts Magnússonar

EGGERT Magnússon heldur fimmtu einkasýningu sína á málverkum að Kjarvalsstöðum dagana 28. nóvember til 13. desember. Á sýningunni eru 41 olíumálverk, unnin á tímabilinu 1985-1987.

Eggert Magnússon er Reykjavíkingur, og hefur lengst starfað sem vélstjóri, en er nú kominn á

eftirlaun. Þetta er fimmta einkasýning Eggerts, en hann hefur einnig tekið þátt í þremur samsýningum hérlendis, auk samsýningar í Malmö Konsthall.

Eggert sagði í samtali við Morgunblaðið að hann sækti helst myndefni sitt í eigin reynslu til sjós, en hann er sjálfmenntaður í myndlistinni og hefur málað í um það bil aldarfjórðung.

Skammdegis-hugarfar

allt árið — árum saman

eftir Jón Gauta Jónsson


Þær eru kaldar kveðjurnar, sem þjónustugreinar sjávarútvegsins fá, í setningarræðu formanns LIÚ, á landsþingi samtakanna í byrjun mánaðarinnar. Þar segir að „talið sé“ að þjónusta viðgerðarverkstæða og skipasmíða hafi hækkað um 75% á einu ári en hafi átt að hækka um 20%. Þessi stutta umfjöllun um þennan mikilvæga þátt sjávarútvegs endar svo á hótun til þjónustugreinnanna og um leið hvatningu til útgerðarmanna, um að viðgerðarþjónusta verði sótt í enn ríkara mæli til annarra landa. Nú er ég svo nýbyrjaður að starfa að þessum málum að mér er ekki kunnugt um hvað formaður LIÚ á sókött við iðngrein þessa og þá sem að henni vinna. Þó svo að ég þekki ekki orsökina þá eru mér ljósar þær hrikalegu afleiðingar sem óvandaður málfutningur sem þessi getur haft í för með sér fyrir útvegsmenn, skipasmíðjur og þjóðina í heild.

Óvandaður málfutningur

Málfutningur sem þennan kalla ég óvandaðan vegna þess að þjóðin á því að venjast að formaðurinn birtist í fjölmiðlum með munninn fullan af meðaltölum (oftast um tap). Er þá ekki eðlilegt að ætla að fólk trúir því að þessi 75% hækkan á þjónustu sé meðalhækkan? Jú einmitt og það er ekki ótrúlegt að sá sé einmitt tilgangurinn. Ég læt mér ekki detta í hug að formaður svo merkra samtaka sem LIÚ eru, vogi sér að nefna svona tölu án þess að hafa staðfestingu á henni í fórum sínum þó svo ég finni ekkert sambærilegt hjá þeim skipasmíðastöðvum sem ég hefði samband við af þessu tilefni. Sjálfsagt eru til

Fiskveiðisjóur lán- aðil til smíða og kaupa á 42 skipum

FISKVEIÐISJÓUR Íslands hefur veitt lánlof til smíða og kaupa á 42 skipum í ár og í fyrra, þar af 28 á þessum ári. Þjóðunum á þessum ári og eru þeir allir smíðaðir erlendis. Hann mun ekki veita lánlof til smíða á þessum ári, að sjón Mía Elíasenar forsetjara gjóðala.



Jón Gauti Jónsson

„Mér telst til að meðalhækkan útseldrar vinnu þeirra átta skipasmíðastöðva sem ég hefði samband við sé um 44% á einu ári. Þær smíðjur sem sýndu hækkan sem var meiri en meðaltalið og virkuðu til hækkanar á því, höfðu gert s.k. fyrirtækjasamning á þessu ári þar sem samið var um verulega lengingu á virkum vinnutíma með breyttu tímaskráningarkerfi og niðurfellingu kaffítíma (sumstaðar metið allt að 20%). Með því er viðskiptavininum tryggð meiri vinna á skemmri tíma og þess vegna ekki sanngjarnt að meta það einkis í samanburði.“

minni fyrirtæki sem hafa aðstöðu til þess að selja þjónustu sína mun herra verði en almennt gerist, svona svipað og þegar skip selur afli á markaði þar sem framboð af fiski er lítið en eftirspurnin mikil. Mér telst til að meðalhækkan útseldrar vinnu þeirra átta skipasmíðastöðva sem ég hefði samband við sé um 44% á einu ári. Þær smíðjur sem sýndu hækkan sem var meiri en meðaltalið og virkuðu til hækkanar á því, höfðu gert s.k. fyrirtækjasamning á þessu ári þar sem samið var um verulega lengingu á virkum vinnutíma með breyttu tímaskráningarkerfi og niðurfellingu kaffítíma (sumstaðar metið allt að 20%). Með því er viðskiptavininum tryggð meiri vinna á skemmri tíma og þess vegna ekki sanngjarnt að meta það einkis í samanburði. En nóg um óvandaðan málfutning. Nú skulum við huga að því sem ég kalla hrikalegar afleiðingar.

Hrikalegar afleiðingar

Hvaða afleiðingar hefur svona málfutningur, þar sem útvegsmonnum er beinlínis sagt að nauðsynlegt sé að leita til annarra landa eftir þjónustu? Með linnulaus-

um áróðri í þessa átt fara menn að leita eftir þjónustu til útlanda án þess að kanna hvað hún kostar hér innanlands. Þannig eru menn nú að flytja inn skip sem kosta fullbúin um eða yfir kr. 80 millj. á sama tíma og íslensk skipasmíðastöð afhendir kaupendum hér sambærilegt skip fyrir kr. 66 millj. Á sama tíma má nefna skip sem hafa farið í endurnýjun erlendis og koma svo heim og þurfa meiriháttar lagfæringar við hér heima vegna vanefnda erlendra aðila og ýmissa mistaka þeirra. Um þetta er lítið talað.

Þegar svo við þetta ástand bætast handahófskenndar aðgerðir og aðgerðaleysi stjórnvalda, þannig, að ýmist er bannað að smíða skip, og þar með ekkert endurnýjað, eða þá að heimild er gefin til smíða nokkurra tuga skipa á stuttum tíma, þá magnast afleiðingar þessa ástands með heilu margfeldi. Það er ekki einungis að þjóðin safni erlendum skuldum í óhöfi heldur koma í ljós, þegar til lengri tíma er lítið, alvarlegustu afleiðingarnar. Skipasmíðum og málmiðnaðarmönnum fækkar. Þeim fækkar vegna þess að stór hluti þeirra flytur úr landi eins og gerst hefur á liðnum árum og nýir menn

Málþing um náttúruspeki Newtons

300 ár frá útgáfu Stærðfræðilögmáls náttúruspekinnar

EDLISFRÆÐIFÉLAG Íslands og Félag áhugamanna um heimspeki minnst í sameiningu 300 ára afmælis fyrstu útgáfu Stærðfræðilögmáls náttúruspekinnar eftir Isaac Newton með málþingi í Norræna húsinu á morgun, sunnudag, frá klukkan 11 til 17.

Stærðfræðilögmál náttúruspekinnar, eða Philosophiæ Naturalis Principia Mathematica eins og frumútgáfan nefnist, kom út í London árið 1687. Ritíð hefur verið talið eitt merkasta vísindarit allra tíma, en í því setti Newton meðal

annars fram undirstöðulögmál aflfræðinnar og kenningar um þyngdarkraftinn og göngu himintungla. Kenningar Newtons voru ekki endurbættar fyrr en með afstæðiskenningu Einsteins á þessari öld.

Á málþinginu í Norræna húsinu á morgun verða flutt fjögur erindi. Mikael Karlsson heimspækingur flytur erindi sem hann nefnir „Þungir þankar um aflfræði Aristotelesar“, Þorsteinn Vilhjálmsson eðlisfræðingur ræðir náttúruspeki Newtons í ljósi sögunnar, Robert Magnus stærðfræðingur nefnir sitt erindi „Is the Solar System Stable?“, og Einar Guðmundsson stjarnfræðingur veltir því fyrir sér hvornig stjörnukerfin hafi myndast. Á eftir erindunum verða frjálssar umræður. Málþingið er öllum opið.

Ath! Nýtt heimilisfang

Hef flutt skrifstofu mína að Garðatorgi 5, Garðabæ. Sími 656688.

Klemen Eggertsson,
héraðsdómslögmaður.

Jólavörurnar komnar

- Aðventuljósin vinsælu, 9 mismunandi gerðir.
- Jólatré, 70 sentimetra, með öllu skrauti og seríu.
- Jóla-„glöggsett“ keramik.
- Jólatrésfætur með patent festingu (nýjung).
- Lampar í barnaherbergi, (ótrúlega skemmtilegir).
- Barnaleikspil, 11 mismunandi gerðir.
- Barnahárskraut, 15 mismunandi gerðir.
- Snyrtisett, hársþennur, tindagreiður.
- Tískuskartgripir, gott úrval.
- Ferðatöskur, (3 í setti) eða stakar.
- Skólatöskur (skjalatöskuútfærslan) stórgott verð.
- Ferðagrill.
- Gasgrill.
- Rafmagnsgrill.
- Grillvagnar (rafmagns), einfaldir og tvöfaldir.
- Grillofnar.
- Vöfflujárn með og án teflons, einföld og einnig tvöföld.
- Pottar og pönnur, hnifar og skæri, hitabúsar og könnur.
- Úrval leikfanga.

Gjörð svo vel og hafið samband og/eða lítið inn. Alltaf næg bílastæði og engir stöðumælur.

LENKÓ HF.,
umboðs- og heildverslun,
Smíðjuvegi 1, 200 Kópavogi, sími 46365.

Silki- og bómullar-

N·Á·T·T·K·J·Ó·L·A·R

Parisar
TÍZKAN
Laugavegi 71 II hæð Sími 10770